

Nd.

166. Nefndarállit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912.

Nefnd sú, sem kosin var til að athuga frumvarp þetta, leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við fyrstu grein:

1. Á eftir nafninu »kjötfóðurmjöl« í 4. málsgrein 1. línu komi:
fiskifóðurmjöl.
2. Á eftir orðunum »tómir þokar« í sömu málsgrein, 4. línu komi:
netagarn, tilbúin segl, kaðlar allskonar og færi, oliur á tunnum og í dunkum,
aðrar en steinolia og bensin, strigaábreiður (Presseninger) og járnbrautarteinar.
Fyrir orðið »keðjur« í þessari málsgrein komi:
hlekkjafestar.
3. Aftan við 5. málsgrein komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutöllslag-
anna, skulu þar bátar taldir.
4. Á eftir orðunum tilbúin »áburðarefni«, í síðustu málsgrein komi:
hey, steinlímsþipur.
5. Á eftir 3. gr. komi ný 4. gr. svohljóðandi:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Alþingi 22. júlí. 1914.

Mátth. Ólafsson,
formaður.

Björn Kristjánsson,
skrifari og framsögum.

Þórarinn Benediktsson. M. J. Kristjánsson, Benidikt Sveinsson.
með fyrirvara.